Ed. **336. Frumvarp til laga** [231. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega, sbr. 52. gr., þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun, sbr. 51. gr., eða þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega, sbr. og 3. mgr. 14. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.